

Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest).

Aðalfundur BsVest haldin í félagsheimilinu Dunhaga á Tálknafirði kl: 10:30 þann 2. maí sl.
Fundurinn var tekinn upp.

Mætt voru:

Bolungarvíkurkaupstaður	Helga Svandís Helgadóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Baldur Smári Einarsson
Bolungarvíkurkaupstaður	Guðrún Stella Gissuradóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Margrét Jónmundsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri
Ísafjarðarbær	Arna Lára Jónsdóttir
Ísafjarðarbær	Nanný Arna Guðmundsdóttir
Ísafjarðarbær	Daníel Jakobsson
Ísafjarðarbær	Marzellíus Sveinbjörnsson
Ísafjarðarbær	Sigurður Hreinsson
Ísafjarðarbær	Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Kaldrananeshreppur	Jenný Jensdóttir
Reykhólahreppur	Karl Kristjánsson
Reykhólahreppur	Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Strandabyggð	Andrea K. Jónsdóttir, sveitarstjóri og stjórnarformaður BsVest
Súðavíkurhreppur	Pétur G Markan, sveitarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Tálknafjarðarhreppur	Eva Dögg Jóhannesdóttir
Tálknafjarðarhreppur	Indriði Indriðason sveitarstjóri og stjórnarmaður BsVest
Tálknafjarðarhreppur	Jón Örn Pálsson
Vesturbyggð	Ásthildur Sturludóttir
Vesturbyggð	Friðbjörg Matthíasdóttir
BsVest	Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri BsVest.

Samtals eru því mættir fulltrúar fyrir sveitarfélög með 21 atkvæði af 22, samkvæmt 10. gr samþykkt BsVest um fulltrúafjölda sveitarfélag á aðalfundi, Árneshreppur afboðaði komu sína og því engin með umboð fyrir þeirra atkvæði.

Formaður stjórnar BsVest, Pétur G Markan setti fundinn og gerði tillögu um að fundarstjóri yrði sveitarstjóri Tálknafjarðarkaupstaðar, Indriði Indriðason, og að starfsmenn BsVest riti fundinn. Tillagan samþykkt.

Indriði Indriðason sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, þakkar traust fundarins.

Fundarstjóri kannaði nú lögmati fundarins í samræmi við 6. gr samþykkt BsVest. Bar hann fyrst undir fundinn boðun hans, engar athugasemdir komu fram.

Hann kynnti síðan ákvæði 6. gr um að meirihluti aðildarsveitarfélaga miðað við fulltrúafjölda í samræmi við 10. gr, yrði að vera mættur til að fundurinn teldist lögmætur. Samkvæmt mætingarlista þá væri þetta ákvæði uppfyllt. Fundurinn væri því lögmætur og því mætti ganga til dagskrár.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins sem er samkvæmt 11. gr samþykkt BsVest.

1. Árskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
4. Starfsáætlun komandi árs.
5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykkt BsVest
6. Laun og þóknun stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

Kynnti fundarstjóri að tvö önnur mál væru á dagskrá fundarins og hefðu komið fram í fundarboði

- i.* Erindisbréf verkefnahóps
- ii.* Tilkynning um úrsögn Ísafjarðarbæjar úr BsVest.

1. Árskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.

Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri fór yfir starfsemi ársins og vísast til skýrslu stjórnar sem er í gögnum fundarins.

2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar, sem stjórn staðfesti 2. maí 2018. Telja báðir aðilar að ársreikningur skýri rekstrar og efnahagsstöðu BsVest á árinu 2017, vísast til gagna fundarins í þeim efnunum.

Fundarstjóri óskaði umræðu um lið 1 og 2.

Ásthildur Sturludóttir bað um orðið og ræddi laun skrifstofu BsVest, hver ástæða hækkunar sé á milli ársins 2016-2017.

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest, útskýrði að ástæða hækkun launaliðs hjá skrifstofu BsVest skýrist út frá því að verkefnastjóri BsVest var í fæðingarorlof megnið af árinu 2016, en kom inn í fullt 80% starf í byrjun árs 2017, einnig skýrist launaliður stjórnar af auknum fundum stjórnar vegna tillögu Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag.

Engin annar kvað sér hljóðs, fundarstjóri bar þá upp ársskýrslu 2017 og ársreikning 2017 til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Samanlagt er gert ráð fyrir útgjöldum á grunni mats á þjónustuþörf verkefnahóps BsVest frá því í apríl sl. að fjárhæð kr. 515.063.035,- þar af Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar kr. 420.582.443,-, Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps, kr. 59.084.501,-, Félagsþjónustan við Djúp, kr. 13.797.154,-, og félagsþjónusta Vestur Barðastrandarsýsla kr. 5.693.937,- og rekstur BsVest kr. 15.905.000,-.

Framlög eru áætluð kr. 472.620.000,-, þar af framlög Jöfnunarsjóðs kr. 401.068.000,- og framlög sveitarfélaga kr. 68.081.000,-. Rekstrarniðurstaða því neikvæð um kr. 45.914.035,-. Áætlun er lögð fram og vísast til gagna fundarins.

Sif Huld kynnti síðan áætlun 2019 og endurskoðaða fjárhagsáætlun skrifstofu BsVest og vísast til gagna fundar.

4. Starfsáætlun komandi árs.

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri kynnti helstu verkefni í starfsáætlun ársins 2018.

Þau verkefni sem áætlað er að fara í á árinu 2018 eru meðal annars, skipulagsbreytingar á starfi innan skrifstofu BsVest, ráðgjafavinna hefur aukist með þjónustusvæðunum, ásamt almennri vinnu við fjárhagsáætlunargerð, og þörf er á að yfirfara reglur og samninga. Í lok árs 2018 verður auglýst eftir styrkumsóknnum vegna styrkja til náms, verkfæra og tækjakaupa. Einnig er fyrirhuguð ferð með haustinu til að kynna nýjum sveitarstjórnarmönnum innan BsVest starfsemi BsVest.

Framkvæmdastjóri leggur áherslu á að framlög jöfnunarsjóðs til málaflokksins 2018 standast ekki á við áætlun sveitarfélaga og fjárhagsáætlun BsVest fyrir 2018. Þó svo að hækkun á áætluðum framlögum jöfnunarsjóðs hafi hækkað á milli árana 2017-2018, þá er sú hækkun ekki að duga fyrir þeirri umfangsmiklu og sérsniðnu þjónustu sem Vestfirðir veita. Kostnaðarmat SIS mats endurspeglar á engan hátt þá þjónustu sem viðkomandi á rétt á. Er það verkefni framkvæmdastjóra að fá nánari svör frá ráðuneytinu hvers vegna SIS mat er ekki í takt við kostnað á lögbundinni þjónustu.

Framkvæmdastjóri benti fundarmönnum á að jöfnunarsjóður hefur sett inn í regluverk sitt framlag vegna fjarlægðar sem hefur verið baráttu mál BsVest frá árinu 2013, þar sem tekið er mið af fjölda sveitarfélaga og vegalengdar þar á milli. Vegna þessa mun BsVest fá tæpar 37 millj. kr. fyrir árið 2018 og eru tvö þjónustusvæði með hærri framlög undir þessum lið en þau eru Suðurland og Vesturland. Ef ekki væri fyrir samstarf sveitarfélagana myndu þessi framlög deilast á önnur þjónustusvæði á landinu.

Framkvæmdarstjóri lítur björtum augum á árið 2018, segir að BsVest verði að halda vel á öllu því sem það vinnur að. Ljóst sé að sveitarfélögin verða að vinna saman að þessu verkefni og treysta hvort öðru bæði í orði og verki.

Fundarstjóri bar nú upp endurskoðaða fjárhagsáætlun 2017 með áorðnum breytingum, áætlun 2018 og starfsáætlun 2017 til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykktar BsVest

Fundarstjóri bað um að fá að taka saman lið 5,6 og 7 og afgreiða eftir 10. gr samþykktar BsVest þar sem stendur:

10.Grein

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en fyrir lok september þar sem kosin skal ný stjórn og kjörnefnd. Fráfarandi stjórn skal boða til þess fundar.

Fundurinn samþykkti það samhljóða.

6. Laun og þóknun stjórnar.

Vísast til 5. liðar hér að ofan.

7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis

Vísast til 5.liðar hér að ofan.

8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.

Sif Huld Albertsdóttir, kynnti tillögurnar um breytingu á 8 og 11. gr, samþykktar. Önnur breytingin er að í stað „framkvæmdastjóra FV“ verður sett „Framkvæmdastjóri byggðasamlags“. Markmið tillögu tvö væri sú að setja ákvörðun um laun stjórnar frammar afgreiðslu endurskoðaðar fjárhagsáætlunar.

Tillagan er sem hér segir :

Sif Huld framkvæmdastjóri fyrir hönd stjórnar leggur til tvær breytingar á samþykktum BsVest, á 8 og 11. grein samþykktar BsVest.

Fyrsta breyting er breyting á orðalagi í 8. grein samþykktar BsVest þar sem í neðstu málsgrein stendur nú:

Framkvæmdastjóri FV annast rekstur byggðasamlagsins í umboði stjórnar.

Verður:

Framkvæmdastóri byggðasamlags annast rekstur byggðasamlags í umboði stjórnar.

Önnur breyting er breyting á dagskrá aðalfundar undir 11 gr. samþykktar þar sem laun og þóknun stjórnar er nú 6. dagskráliður en formaður leggur til að færa dagskrálið

framar í dagskrá aðalfundar og verði 3. dagskráliður og munu þá aðrir dagskrárliðir aðalfundar hliðrast sem því nemur.

Var:

1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
4. Starfsáætlun komandi árs.
5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein þessara samþykta.
6. **Laun og þóknun stjórnar**
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

Verður:

1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. **Laun og þóknun stjórnar**
4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
5. Starfsáætlun komandi árs.
6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein þessara samþykta.
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

Fundarstjóri leggur fram endurskoðaðar samþykktir BsVest fyrir fundin, fundurinn samþykkir samhljóða.

9. Önnur mál.

i. Erindisbréf Verkefnahóps

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir hönd stjórnar endurskoðað erindisbréf verkefnahóps sem samkvæmt samþykktum þarf að fara fyrir aðalfund til samþykktar. Eingöngu voru breytingar á orðalagi, engar efnislegar breytingar áttu sér stað á erindisbréfinu,

Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum ef einhverjar væru.

Engin kvað sér hljóð og fundurinn samþykkti erindisbréfið samhljóða

ii. Tilkynning um úrsögn Ísafjarðarbæjar úr BsVest.

Fundarstjóri biður bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar að fylgja erindinu úr hlaði.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar tilkynnir fundinum úrsögn Ísafjarðarbæjar sem tekið var fyrir á bæjarstjórnarfundum Ísafjarðarbæjar þann 21. desember 2017. Einnig áréttar hann að fullur vilji sé að skoða áfram samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum um samstarf í málaflokknum. Ísafjarðarbær treysti sér til að taka einn við málaflokknum en vill að sveitarfélög á Vestfjörðum standi saman, því þannig er hægt að gera betur. Hann vill koma því áfram að Ísafjarðarbær hefur haft góða reynslu síðustu ár innan stjórnar BsVest og samstarfinu þar.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um tilkynningu Ísafjarðarbæjar um úrsögn úr Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Til máls tóku:

Fulltrúi Ísfjarðarbæjar Daníel Jakobsson.

Fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar, Guðrún Stella Gissurardóttir.

Framkvæmdastjóri BsVest, Sif Huld Albertsdóttir.

Formaður stjórnar BsVest, Pétur G Markan.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Gísli Halldór Halldórsson.

Formaður stjórnar BsVest, Pétur G Markan.

Fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar, Guðrún Stella Gissurardóttir.

Fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Daníel Jakobsson.

Formaður stjórnar BsVest, Pétur G Markan.

Fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Arna Lára Jónsdóttir.

Fulltrúi Ísafjarðarbæjar, Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Formaður stjórnar, Pétur G Markan

Fundarstjóri lokaði mælendaskrá og sagði dagskrá aðalfundar tæmda. Þakkaði hann fundarmönnum fyrir fundin. Óskaði hann heimildar fundarins að starfsmenn BsVest og fundarstjóri lykju fundargerð og gaf fundarstjóri formanni BsVest orðið.

Pétur G Markan, formaður stjórnar, þakkaði fyrir fundin og sleit fundi 12:15

Indriði Indriðason

Sif Huld Albertsdóttir

fundarstjóri

fundarritari